

**Lykill fjármögnun hf.**

**Samandreginn árshlutareikningur**

**Samstæða**

**1. janúar - 30. júní 2020**

Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Kt. 621101-2420

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	1
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	2
Yfirlit um heildarafkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymi .....	5
Yfirlit um eigið fé .....	6
Skýringar .....	7

# Áritun og skýrsla stjórnar

Samstæðuárshlutareikningur Lykils fjármögnunar hf. (Lykils) fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020 er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastaðli IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Félagið hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki sbr. lög nr. 161/2002 og hefur að markmiði að þjóna íslensku atvinnulífi og einstaklingum á traustan og faglegan hátt með því að bjóða eignatryggða fjármögnun.

Lykill er dótturfélag TM hf. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins sem samanstandur af móðurfélaginu Lykli og dótturfélagunum LÝS-2 ehf., LÝS-3 ehf., Lýsingu ehf., og Kvakki ehf.

Góður vöxtur var í veitingu nýrra útlána og leigusamninga á tímabilinu til einstaklinga.

Á árinu 2019 sótti Lykill, um það til Fjármálaeftirlitsins að fá útgefið starfsleyfi sem viðskiptabanki á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og þar með heimild til móttöku innlána. Umsóknin var tekin til meðferðar af Fjármálaeftirlitinu, en í ljósi þeirra áskorana og auknu verkefna sem Covid-19 faraldurinn hafði í för með sér fyrir Lykil ákvað félagið að draga umsóknina til baka á vormánuðum 2020. Líkur standa til þess að Lykill endurveki áformin og sækji um slíkt starfsleyfi að nýju á næstu misserum.

Útbreiðsla Covid-19 veirunnar hefur haft víðtæk áhrif á efnahagsumhverfið á heimsvísu. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort áhrifin munu gæta til lengri eða skemmri tíma en ljóst er að þau hafa haft neikvæð áhrif á útlán félagsins. Þrátt fyrir það er fjárhagsstaða félagsins eftir sem áður sterk. Sjá nánari umföllun í skýringu 3.


Tap félagsins nam 354 milljónir króna á tímabilinu. Eigið fé var 11.494 milljónir króna í lok tímabils. Eiginfjárhlutfall reiknað skv. lögum um fjármálafyrirtæki nam 26,2% í lok tímabils. Fjárhagsstaða félagsins er því góð.



Heildarhlutafé félagsins í lok tímabilsins nam 230,9 milljónum króna að nafnverði og skiptist það á tvo hluthafa og átti TM hf. 99,96% hlutafjár og TM tryggingar ehf. 0,04% hlutafjár.


Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við. Stjórn er ekki kunnugt um atburði eftir uppgjörsdag sem gætu haft verulega þýðingu fyrir samstæðuna.



Stjórn og framkvæmdastjóri Lykils staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 30. júní 2020.

Reykjavík, 26. ágúst 2020

  
Sigurður Viðarsson  
Formaður stjórnar

  
Órvar Kærnested  
  
Andri Þór Guðmundsson

  
Ólöf Jónsdóttir  
Framkvæmdastjóri

  
Kristín Friðgeirsdóttir  
Varaformaður stjórnar  
  
Einar Örn Ólafsson

  
Helga Kristín Auðunsdóttir

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa Lykils fjármögnunar hf.

### Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning Lykils fjármögnunar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020. Samandregni árs hlutareikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé og skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 26. ágúst 2020.

**PricewaterhouseCoopers ehf.**



---

Bryndís Björk Guðjónsdóttir

# Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar - 30. júní 2020

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

	Skýr.	1.1.-30.6.2020	1.1.-30.6.2019
Vaxtatekjur .....		1.338.276	1.386.790
Vaxtagjöld .....		(794.126)	(732.655)
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>4</b>	<b>544.150</b>	<b>654.134</b>
Hreinn gjaldeyrismunur .....		41.950	27.568
Rekstrarleigutekjur .....		422.696	416.894
Aðrar rekstrartekjur .....		37.071	24.223
Gangvirðisbreytingar fjármálagerna .....	20	328.990	85.999
Rekstrarkostnaður .....	5	(823.689)	(644.302)
Afskriftir .....	12-14	(227.729)	(238.140)
Hrein virðisbreyting .....	6	(667.308)	(70.884)
Matsbreyting og aðrar tekjur fullnustueigna .....		(9.675)	(1.064)
		<b>(897.694)</b>	<b>(399.705)</b>
<b>(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt</b>		<b>(353.544)</b>	<b>254.429</b>
Tekjuskattur .....		0	0
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b>		<b>(353.544)</b>	<b>254.429</b>

## (Tap) hagnaður á hlut og þynntur hagnaður (tap) á hlut:

(Tap) hagnaður á hlut og þynntur hagnaður (tap) á hlut .....	(1,5)	1,1
--	-------	-----

Skýringar á blaðsíðum 7-27 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

# Efnahagsreikningur 30.06.2020

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

## Eignir

	Skýr.	30.6.2020	31.12.2019
Handbært fé .....		2.522.046	2.769.208
Markaðsskuldabréf .....	20	941.142	507.209
Afleiðusamningar .....	20	1.018.000	976.083
Leigusamningar og útlán .....	7-10	38.523.039	35.280.174
Rekstrarleigugeignir .....	12	2.098.810	2.488.035
Rekstrarfjármunir .....	13	176.230	171.134
Eignarhlutur í tengdu félagi .....		18.585	0
Tekjuskattsinneign .....	18	1.088.721	1.088.721
Aðrar eignir .....		126.246	149.514
Leigugeignir .....	14	0	30.301
Fullnustueignir .....		22.776	10.927

### Eignir samtals

46.535.594

43.471.305

## Skuldir

Lántaka .....	16-17	34.172.353	31.127.336
Leiguskuldir .....	14	0	30.868
Aðrar skuldir .....		869.433	465.749
<b>Skuldir samtals</b>		<b>35.041.786</b>	<b>31.623.953</b>

## Eigið fé

Hlutfé .....		230.901	230.901
Annað bundið eigið fé .....		8.789.522	8.789.522
Bundið eigið fé .....		387.493	136.693
Óráðstafað eigið fé .....		2.085.891	2.690.234
<b>Eigið fé samtals</b>	19	<b>11.493.807</b>	<b>11.847.351</b>

### Skuldir og eigið fé og samtals

46.535.594

43.471.305

Skýringar á blaðsíðum 7-27 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

# Sjóðstreymi 1. janúar - 30. júní 2020

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	1.1.-30.6.2020	1.1.-30.6.2019
Innborgaðar rekstrarleigutekjur .....		406.722	407.911
Vaxtatekjur, innborgaðar .....		1.307.516	1.405.464
Vaxtagjöld, greidd .....		(783.072)	(733.902)
Rekstrarkostnaður,greiddur .....		(439.011)	(575.454)
Handbært fé frá rekstri		492.155	504.020
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Útlán, breyting .....		(3.602.863)	(3.373.390)
Markaðsskuldabréf, breyting .....		(399.823)	0
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	12,13	428.118	348.516
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	12,13	(207.377)	(560.450)
Fjárfestingarhreyfingar		(3.781.945)	(3.585.325)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Nýjar lántökur .....		10.789.820	9.704.266
Afborganir af lántökum .....		(7.767.299)	(6.741.694)
Greiddur arður til hluthafa .....		0	(1.200.000)
Fjármögnunarhreyfingar		3.022.521	1.762.572
<b>Lækkun á handbæru fé .....</b>		(267.269)	(1.318.733)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		2.769.208	4.646.165
<b>Gengismunur vegna handbærs fjár .....</b>		20.107	9.886
<b>Handbært fé í lok tímabilsins .....</b>		2.522.046	3.337.318
<b>Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:</b>			
Eftirfarandi liðir koma ekki fram í sjóðstreyminu:			
Rekstrar- og fullnustueignir breyting .....		53.765	10.789
Útlán breyting .....		(53.765)	(10.789)

Skýringar á blaðsíðum 7-27 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

## Yfirlit um eigið fé fyrir 30.06.2020

Allar upphæðir eru í þúsundum króna

	Hlutafé	Annað bundið eigið fé		*Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
		Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður			
<b>2019</b>						
Eigið fé 1.1.2019	230.901	8.731.797	57.725	130.216	3.483.283	12.633.923
Greiddur arður					(1.200.000)	(1.200.000)
Heildarafkoma tímabilsins					254.429	254.429
Fært á bundið eigið fé				14.177	(14.177)	0
Eigið fé 30.6.2019	230.901	8.789.522	57.725	144.393	2.523.535	11.688.352
<b>2020</b>						
Eigið fé 1.1.2020	230.901	8.731.797	57.725	136.693	2.690.234	11.847.351
Heildarafkoma tímabilsins					(353.544)	(353.544)
Fært á bundið eigið fé				250.799	(250.799)	-
Eigið fé 30.6.2020	230.901	8.731.797	57.725	387.493	2.085.891	11.493.807

\*Bundið eigið fé byggir á ákvæðum laga um ársreikninga 3/2006. Óinnleystur gangvirðishagnaður er færður á bundinn eiginfjárreikning í samræmi við 38.gr. sömu laga.

Skýringar á blaðsíðum 7-27 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.



# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Upplýsingar um félagið

Lykill fjármögnun hf. (Lykill, félagið) er lánafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Lögheimili félagsins er að Síðumúla 24, 108 Reykjavík. Félagið er dótturfélag TM hf. Starfsemi félagsins felst í meginatriðum í leigu atvinnutækja og lána til tækjakaupa. Einnig leigir og fjármagnar félagið einkabíla fyrir einstaklinga.

## Reikningsskilaaðferðir

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

#### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt.

Samandreginn árs hlutareikningur er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árs hlutareikninga, inniheldur árs hlutareikningurinn ekki allar þær upplýsingar sem krafa er gerð um að séu veittar í ársreikningum, m.a. um mikilvægar reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð reikningsskilanna. Við lestur árs hlutareikningsins ætti því að hafa ársreikning félagsins fyrir árið 2019 til hliðsjónar.

#### b. Grundvöllur reikningsskilaaðferða

Árs hlutareikningur félagsins er gerður eftir afskrifuðu kostnaðarverði að því undanskildu að afleiðusamningar og markaðsskuldabréf eru færðar á gangvirði og fullnustueignir eru færðar á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði hvort sem lægra reynist í samræmi við IFRS 5. Sjóðstreymi er nú sett fram með beinni aðferð og hefur samanburðartölum verið breytt til samræmis. Við gerð árs hlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins árið 2019.

#### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árs hlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill þess.

#### d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu aðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og ályktanir tengdar þeim er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

#### e. Rekstrarhæfi

Stjórnendur og framkvæmdastjóri félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að með tilliti til eðlilegra óvissumarka sé það tryggt í nánustu framtíð sem er ein af forsendum við gerð árs hlutareikningsins.

#### f. Samstæðan

Árs hlutareikningur samstæðunnar tekur til árs hlutareiknings móðurfélagsins og árs hlutareikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra. Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

#### g. Starfspáttayfirlit

Það er mat stjórnenda að aðeins sé um einn starfspátt að ræða og því er ekki birt starfspáttayfirlit.

# Skýringar

## 3. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð, sjá skýringu 3 c.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

### a. Útlán og leigusamningakröfur

#### Virðisrýrnunarlíkan

Útlán samstæðunnar til viðskiptavina og kröfur vegna fjármögnunarleigu- og rekstrarleigusamninga falla undir regluverk IFRS 9. Mat á væntu útlánatapi er uppfært á hverjum reikningsskiladegi, en regluverkið skiptir fjáreignum niður á þrjú stig:

- Stig 1:** Allar fjáreignir við upphaflega skráningu, með fáum undantekningum. Vænt útlánatap er metið út frá líkum á að vanefndir verði á næstu 12 mánuðum frá reikningsskiladegi.
- Stig 2:** Veruleg aukning hefur orðið í útlánaáhættu. Vænt útlánatap er metið út frá líkum á að vanefndir verði á líftíma fjáreignarinnar.
- Stig 3:** Hlutlægar vísbendingar eru til staðar um virðisrýrnun. Vænt útlánatap metið út frá líkum á vanefndum yfir líftíma fjáreignarinnar.

Fjáreignir sem falla undir IFRS 9 eru almennt skráðar á stig 1 við upphaflega skráningu. Leigusamningar og útlán þar sem einstaklingar eru með lánshæfiseinkunn C1-E3 og fyrirtæki með lánshæfiseinkunn 7-10 við lánveitingu eru hins vegar færðir í upphafi á stig 2. Verði veruleg aukning í útlánaáhættu fjáreigna á stigi 1 frá upphaflegri skráningu hennar er hún færð á stig 2, en skilgreiningu samstæðunnar á verulegri aukningu í útlánaáhættu má sjá hér að neðan. Séu hlutlægar vísbendingar til staðar um að fjáreignir á stigi 1 og 2 séu virðisrýrðar, eru þær færðar á stig 3.

Samstæðan nýtir sér ekki undanþágu fyrir eignir sem hafa skilgreinda lága útlánaáhættu, en staðallinn heimilar að eignir sem falla undir þá skilgreiningu, þrátt fyrir að veruleg aukning hafi orðið í útlánaáhættu, séu ekki færðar af stigi 1.

Ef útlánaáhætta vegna fjáreignar á stigi 2 eða 3 minnkar og ástæður þess eru ekki taldar skammvinnar, er viðkomandi fjáreign færð niður um stig á stig 1 eða 2 eftir atvikum.

#### Veruleg aukning í útlánaáhættu

Samstæðan vaktar fjáreignir sem falla undir virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 til að meta hvort veruleg aukning hafi orðið á útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. Hafi orðið veruleg aukning á útlánaáhættu metur samstæðan vænt útlánatap út frá líkum á því að vanefndir verði á líftíma fjáreignarinnar, fremur en á næstu 12 mánuðum.

Við mat á því hvort veruleg aukning hafi orðið í útlánaáhættu er stuðst við eigindlegar (e. qualitative) upplýsingar úr lánshæfislíkani, og einnig meginindlegar (e. quantitative) upplýsingar sem eru samstæðunni tiltækar án verulegrar vinnu eða kostnaðar. Lánshæfislíkan gefur lögaðilum einkunnir á skalanum 1-10, þar sem 1 er áhættuminnst og 10 er áhættumest. Líkan fyrir einstaklinga gefur einkunnir á skalanum A1-E3, þar sem A1 er áhættuminnst og E3 er áhættumest.

# Skýringar

Fyrirtæki			Einstaklingar	
Einkunn	12 mánaða PD	Skýring	Einkunn	12 mánaða PD
1	0,00%-0,40%	Framúrskarandi áhættulítið	A1-3	0,00%-0,30%
2	0,40%-0,74%	Mjög áhættulítið	B1-3	0,30%-1,90%
3	0,74%-1,30%	Áhættulítið	C1-3	1,90%-6,40%
4	1,30%-3,10%	Tiltölulega áhættulítið	D1-3	6,40%-13,40%
5	3,10%-5,80%	Miðlungs áhættumikið	E1-3	13,40%-100,00%
6	5,80%-8,70%	Áhætta		
7	8,70%-15,00%	Áhætta umfram eðlileg mörk		
8	15,00%-30,00%	Áhættumikið		
9	30,00%-48,00%	Mjög áhættumikið		
10	48,00%-100,00%	Alvarleg vanskil mjög líkleg		

Samstæðan hefur skilgreint eftirfarandi sem verulega aukningu í útlánaáhættu:

- Kröfur á einstaklinga sem eru komnar 30 til 90 daga fram yfir gjalddaga
- Lánshæfismat einstaklings verður C eða verra
- Kröfur á fyrirtæki sem eru komnar 30 til 90 daga fram yfir gjalddaga
- Lánshæfismat fyrirtækis verður 7 eða hærra

## Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun

Samstæðan telur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun séu til staðar ef líklegt þykir að skuldari geti ekki staðið að fullu við skuldbindingar sínar gagnvart samstæðunni. Eftirfarandi eru dæmi um aðstæður þar sem samstæðan telur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun séu til staðar:

- kröfur á einstaklinga og lögaðila eru komnar meira en 90 daga framyfir gjalddaga,
- skuldari hefur sótt um gjaldþrotaskipti, fyrirtæki hefur verið afskráð eða forsenda fyrir rekstrarhæfi er ekki lengur til staðar,
- ólíklegt þykir að skuldari muni standa við skuldbindingar sínar gagnvart samstæðunni vegna;
  - brota á skilmálum lánasamninga eða leigusamninga
  - fjárhagslegrar endurskipulagningar viðkomandi skuldara

Þá skoðar félagið sérstaklega stöðu stærstu lántaka félagsins á hverjum tíma og fara stjórnendur og starfsmenn yfir hvort hlutlægar vísbendingar séu til staðar um virðisrýrnun meðal annars með hliðsjón af mögulegum vanefndum og tryggingastöðu. Mat á IFRS 9 flokkun, líkum á alvarlegum vanskilum og tryggingastöðu er uppfært eftir því sem tilefni er til í samræmi við rökstudda niðurstöðu.

## Útreikningar á væntu útlánatapi (ECL)

Mat á væntu útlánatapi er líkindavegið mat þar sem útlánatap er metið sem núvirði mismunarins á þeirri samningsbundnu fjárhæð sem samstæðan telur sig eiga rétt á og þeirri fjárhæð sem samstæðan væntir að endanlega innheimta. Samstæðan hefur innleitt virðisrýrnunarlíkan sem uppfyllir kröfur IFRS 9, en það byggir útreikninga á eftirfarandi þáttum:

- *Líkur á vanefndum (PD)*: Mat á líkum á því að til vanefnda komi á næstu 12 mánuðum (stig 1), eða einhvern tíma á líftíma fjáreignarinnar (stig 2 og 3).
- *Áhættustaða við vanefnd (EAD)*: Sú fjárhæð sem getur tapast ef til vanefnda kemur. Brúttó staða fjáreignar á reikningsskiladegi.
- *Tapshlutfall við vanefnd (LGD)*: Mismunur á samningsbundnu sjóðstreymi og því sem samstæðan væntir að innheimta, þ.m.t. af veðum. Er hlutfall reiknað út frá áhættustöðu við vanefnd og virði undirliggjandi veða, að teknu tilliti til vænts kostnaðar sem fallið getur til við vanefnd.
- *Afvöxtunarstuðull*: Virkir vextir fjáreignar á reikningsskiladegi eru notaðir til að núvirða vænt útlánatap til reikningsskiladags.

# Skýringar

Vænt útlánatap (ECL) alls lánasafns félagsins er reiknað sem margfeldi af líkum á vanefndum (PD), áhættustöðu við vanefnd (EAD) og tapshlutfalli við vanefnd (LGD). Það er afvaxtað með virkum vöxtum og tillit er tekið til upplýsinga um framtíðarhorfur. Upplýsingar um framtíðarhorfur endurspeglar mat stjórnenda félagsins og felur í sér gerð sviðsmynda um viðkomandi hagstærðir, þar á meðal mat á líkum hvernar sviðsmynda. Notast er við hagspá Seðlabanka Íslands sem birt er í Peningamállum fjórum sinnum á ári þar sem enginn annar aðili, sem teljast má óháður, gefur út hagspár með jafn reglulegu millibili auk þess sem spáin er ávallt sett fram á sama formi.

Teknar eru þrjár hagstærðir sem notast er við í spálíkani Lykils: atvinnuleysi, gengisvísitölu íslensku krónunnar og verðbólgu þar sem tekin er meðal verðbólga hvers árs. Þessar hagstærðir mynda grunnspá félagsins. Í hverri sviðsmynd er sett spá um verðbreytingar veðandlaga í takt við efnahagsforsendur hvernar sviðsmynda. Spá þessi byggir á mati stjórnenda Lykils og reynslu.

Eftirfarandi tafla sýnir lykil hagstærðir líkansins sem eru notaðar við útreikning á framlagi vegna vænts útlánataps. Spáin fyrir grunnsviðsmynd, jákvæða sviðsmynd og neikvæða sviðsmynd sýnir meðaltalsgildi næstu 12 mánaða og síðan út spátímann.

## 30.6.2020

<b>Grunnsviðsmynd</b>	<b>Næstu 12 mánuði</b>	<b>Út spátímann</b>
Atvinnuleysi	10,00%	4,41%
% breyting ISK	10,00%	0,00%
Meðal verðbólga	3,50%	2,55%
<b>Neikvæð sviðsmynd</b>		
Atvinnuleysi	15,00%	6,27%
% breyting ISK	15,00%	0,64%
Meðal verðbólga	4,00%	3,18%
<b>Jákvæð sviðsmynd</b>		
Atvinnuleysi	7,00%	2,77%
% breyting ISK	5,00%	-0,45%
Meðal verðbólga	3,00%	3,82%

Hagstærðirnar í mismunandi sviðsmyndum hafa áhrif á útreikning á væntu útlánatapi, bæði næstu 12 mánuði og út líftíma, og mat á tapi að gefnum vanefndum auk mats á áhættustöðu við vanefnd. Breytingar á hagstærðum geta þannig haft jákvæð eða neikvæð áhrif á mat á væntu útlánatapi en veigamesti þátturinn við matið er eftir sem áður núverandi staða áhættupátta.

Í eftirfarandi töflu má sjá vænt útlánatap miðað við hverja sviðsmynd fyrir sig, skipt eftir mismunandi stigum. Taflan sýnir jafnframt heildarvirðisrýrnun eftir stigum sem tekur tillit til niðurstöðu sviðsmyndanna og vægi þeirra.

þús. kr.

	<b>Jákvæð sviðsmynd</b>	<b>Grunnsviðsmynd</b>	<b>Neikvæð sviðsmynd</b>	<b>Virðisrýrnun</b>
Stig 1	43.004	79.014	119.141	87.657
Stig 2	193.556	277.696	342.150	287.634
Stig 3	570.972	570.972	570.972	570.972
	<b>807.532</b>	<b>927.682</b>	<b>1.032.263</b>	<b>946.263</b>
Vægi	15%	50%	35%	

# Skýringar

---

## *Endanleg afskrift fjáreigna*

Útlán og leigusamningakröfur eru færðar sem endanlega tapaðar, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra fjárhæða sem færðar eru út.

## *b. Fullnustueignir*

Fastafjármunir er flokkaðir til sölu ef miklar líkur eru á því að þeir verði seldir og eru tilbúnir til sölu í núverandi ástandi. Stjórnendur þurfa að styðja ákvörðun um sölu sem ætti að vera lokið innan árs frá endurflokkun. Fastafjármunir sem fengnir eru til fullnustu krafna eru færðir á áætluðu gangvirði að teknu tilliti til sölukostnaðar eða kostnaðarverði hvort sem lægra reynist. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði, að því marki sem það fer ekki yfir áður færða virðisrýrnun, eru færðar í rekstrarreikning.

## *c. Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð fjáreigna sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum. Skammtímakröfur eru ekki afvaxtaðar.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárlæði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsþætti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

## *d. Bakfærsla virðisrýrnunar*

Virðisrýrnun af fjáreignum sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði er bakfærð ef hægt er að tengja hækkingu á endurheimtanlegri fjárhæð við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

Að því er varðar aðrar eignir er virðisrýrnun bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning endurheimtanlegrar fjárhæðar.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

## *e. COVID-19 úrræði*

Efnahagsleg áhrif vegna COVID-19 hafa verið mikil hér á landi það sem af er árinu 2020 og haft víðtæk áhrif á bæði einstaklinga og fyrirtæki. Landsframléiðslan hefur til að mynda dregist verulega saman og atvinnuleysi aukist hratt. Það er óljóst hvernig veiran muni þróast og því er ekki hægt að segja til um hver efnahagslegu heildaráhrifin muni verða að lokum.

Lýkill hefur boðið einstaklingum sem eru í viðskiptum við félagið greiðsluúrræði sem miðar að því að létta á greiðslubyrði þeirra sem lent hafa í tímabundinni tekjuskerðingu vegna COVID-19. Úrræðið felst í frestun á greiðslu afborgana í allt að þrjú mánuði, með möguleika á þriggja mánaða framlengingu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, en að þeim tíma loknum hefjast reglubundnar greiðslur afborgana og vaxta án lengingar lánstíma. Greiðsluúrræðið er í samræmi við samkomulag Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) og annarra lánveitenda um tímabundna greiðslufresti á lánum einstaklinga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (COVID 19) frá 3. júní 2020. Þann 30. júní 2020 var 1,4% einstaklinga með virkt greiðsluúrræði.

Lýkill hefur jafnframt veitt fyrirtækjum tímabundið greiðsluúrræði í samræmi við samkomulag SFF og annarra lánveitenda. Fyrirtæki geta óskað eftir tímabundnu greiðsluhléi bæði vaxta og afborgana í allt að 6 mánuði. Það er hins vegar í höndum viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis að meta hvort það uppfylli skilyrði samkomulagsins, s.s. um heilbrigðan rekstur og að það hafi orðið fyrir verulegu tímabundnu tekjufalli sem leitt hafi til rekstrarvanda. Að loknu greiðsluhléi hefjast reglubundnar greiðslur á ný. Á meðan á greiðsluhléi stendur er afborgunum frestað og vextir safnast upp og bætast við höfuðstól. Lánstíminn lengist í samræmi við lengd greiðsluhlésins. Þann 30. júní 2020 var 10% fyrirtækja með virkt greiðsluúrræði.

# Skýringar

Samkvæmt yfirlýsingu og viðmiðunarreglum EBA, sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur vakið athygli á og Fjármálaeftirlitsnefndin styður, skal ekki líta svo á að lán sem njóta greiðsluúrræðis séu sjálfkrafa áhættumeiri og færð af stigi 1 yfir á stig 2 samkvæmt IFRS 9 reikningskilastaðlinum. Það á við ef um samræmt og viðtækt greiðsluúrræði er að ræða líkt og þau sem Lykill býður upp á. Félagið hefur hins vegar lagt mat á lánshæfi allra fyrirtækja sem njóta greiðsluúrræðisins og endurflokkað fyrirtæki á stig 2 og 3 ef veruleg aukning í útlánaáhættu er til staðar. Það á meðal annars við um öll fyrirtæki sem eru í starfsemi sem er einkennandi fyrir ferðaþjónustu (m.v. skilgreiningu Hagstofu Íslands) og þau fyrirtæki sem Lykill telur verulegar líkur á að þurfi áframhaldandi greiðsluléttingar eftir að COVID greiðsluúrræðið rennur út.

## Hreinar vaxtatekjur

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:

	1.1.-30.06.2020	1.1.-30.06.2019
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	27.545	87.570
Vaxtatekjur af leigusamningum og útlánnum .....	1.310.731	1.299.219
Vaxtatekjur samtals .....	1.338.276	1.386.790
Vaxtagjöld af lántökum .....	(661.217)	(630.629)
Önnur vaxtagjöld .....	(132.909)	(102.027)
Vaxtagjöld samtals .....	(794.126)	(732.655)
Hreinar vaxtatekjur .....	544.150	654.134

## Rekstrarkostnaður

5. Rekstrarkostnaður greinist þannig:

	1.1.-30.06.2020	1.1.-30.06.2019
Laun og tengd gjöld .....	(456.581)	(334.828)
Þóknun fyrir endurskoðun og könnun .....	(4.775)	(4.256)
Ýmis sérfræðiþjónusta .....	(18.244)	(58.322)
Annar rekstrarkostnaður .....	(344.089)	(246.896)
Samtals .....	(823.689)	(644.302)

## Hrein virðisbreyting

6. Hrein virðisbreyting greinist þannig:

	1.1.-30.06.2020	1.1.-30.06.2019
Virðisbreyting leigusamninga og útlána til viðskiptamanna .....	(667.308)	(70.884)
Samtals .....	(667.308)	(70.884)

## Leigusamningar og útlán

7. Leigusamningar og útlán greinast þannig:

	30.6.2020	31.12.2019
Leigusamningar, fasteignir .....	156.545	159.573
Leigusamningar, bifreiðar, vélar, tæki o.fl. ....	14.929.262	13.373.336
Skuldabréf með veði í fasteignum .....	4.742.480	3.990.590
Skuldabréf með veði í bifreiðum .....	17.718.771	16.555.166
Önnur skuldabréf .....	951.249	1.130.810
Víxlar .....	3.705	60.822
Annað .....	21.026	9.878
Samtals .....	38.523.039	35.280.174

# Skýringar

## 8. Breyting á afskriftareikningi útlána og leigusamninga greinist þannig:

Eftirfarandi töflur sýna breytingar á framlagi í afskriftareikning eftir tegundum fjáreigna og stigum virðisrýmunarlíkans IFRS 9. Færslur af stigi 1 á stig 2 verða þegar veruleg aukning hefur orðið í útlánaáhættu. Færslur af stigi 1 og 2 á stig 3 verða þegar hlutlægar vísbendingar eru til staðar um virðisrýmun. Færslur niður um stig verða þegar hlutlægar vísbendingar eru ekki lengur til staðar um virðisrýmun (af stigi 3) eða þegar útlánaáhætta hefur minnkað og ekki er lengur talin verulega aukin frá upphaflegri skráningu (af stigi 2 á stig 1).

**30.06.2020**

Afskriftareikningur útlána og leigusamninga	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Staða í upphafi tímabils .....	44.609	94.408	157.602	296.619
<i>Fært á milli stiga:</i>				
Fært á stig 1 .....	6.259	(5.667)	(592)	0
Fært á stig 2 .....	(25.992)	30.046	(4.054)	0
Fært á stig 3 .....	(168)	(40.723)	40.891	0
Endurmat á væntu útlánatapi .....	63.716	216.656	386.936	667.308
Innkomið, áður afskrifað .....	0	0	24.069	24.069
Endanlega tapað .....	(766)	(7.086)	(33.881)	(41.734)
Samtals afskriftareikningur .....	<u>87.657</u>	<u>287.634</u>	<u>570.972</u>	<u>946.263</u>

**31.12.2019**

Afskriftareikningur útlána og leigusamninga	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Staða í upphafi tímabils .....	22.647	27.709	85.839	136.194
<i>Fært á milli stiga:</i>				
Fært á stig 1 .....	54.856	(3.354)	(51.502)	0
Fært á stig 2 .....	(7.555)	10.061	(2.506)	0
Fært á stig 3 .....	(577)	(2.598)	3.175	0
Endurmat á væntu útlánatapi .....	(17.495)	72.498	159.276	214.279
Innkomið, áður afskrifað .....	0	0	7.874	7.874
Endanlega tapað .....	(7.268)	(9.907)	(44.553)	(61.728)
Samtals afskriftareikningur .....	<u>44.609</u>	<u>94.408</u>	<u>157.602</u>	<u>296.619</u>

## 9. Réttindi og fjárkröfur vegna leigusamninga og útlána félagsins að fjárhæð 33 ma.kr., handbært fé að fjárhæð 1.4 ma.kr. auk rekstrarleigueigna að fjárhæð 650 m.kr. hafa verið veðsett fyrir skuldbindingum félagsins allt að fjárhæð 30 ma.kr.

## 10. Fjármögnunarleigusamningar og útlán, greining á vanskilum:

Krafa telst vera komin í vanskil þegar gjalddagi er liðinn. Fjárhæðir hér að neðan eru vanskil kröfu ásamt heildareftirstöðvum lána. Athuga ber að hér er horft á heildarstöðu viðskiptavinar og getur hann verið með eitt lán sem er í skilum og annað lán sem er í 90 daga vanskilum. Skuldbindingin er öll færð í 90 daga vanskil. Stuðst er við atvinnugreinaflokkun sem byggir á ÍSAT 08 staðlinum fyrir fyrirtæki og einstaklinga eftir því sem við á.

# Skýringar

a) Greining á kröfum í ógjaldfallnar og gjaldfallnar:

30.6.2020	Ógjaldfallið	Vanskil 1-30 dagar	Vanskil 31-60 dagar	Vanskil 61-90 dagar	Vanskil > 90 dagar	Samtals
<b>Útlán og leigusamningar</b>						
Byggingastarfsemi .....	3.837.289	378.726	15.932	78.453	137.541	4.447.941
Fasteignaviðskipti .....	817.983	633.001	10.763	0	60.459	1.522.206
Heildsala og smásala .....	1.520.206	333.022	8.935	7.731	158.990	2.028.884
Framleiðsla .....	665.958	200.026	319.641	19.045	3.874	1.208.544
Leigustarfsemi .....	3.894.769	371.741	0	10	228.650	4.495.170
Flutningar .....	1.130.922	73.375	506	12.736	82.195	1.299.734
Einstaklingar .....	18.076.419	352.973	67.118	2.081	85.854	18.584.446
Annað .....	4.506.802	255.540	108.829	29.685	35.258	4.936.114
Samtals .....	34.450.349	2.598.404	531.723	149.740	792.822	38.523.039

Útlán og leigusamningar	Brúttó staða	Vænt útlánatap	Bókfærð staða
Ógjaldfallið .....	35.098.515	648.166	34.450.349
Vanskil 1-30 dagar .....	2.631.029	32.625	2.598.404
Vanskil 31-60 dagar .....	558.553	26.830	531.723
Vanskil 61-90 dagar .....	154.597	4.856	149.740
Vanskil > 91 dagar .....	1.026.607	233.785	792.822
Samtals .....	39.469.302	946.263	38.523.039

31.12.2019	Ógjaldfallið	Vanskil 1-30 dagar	Vanskil 31-60 dagar	Vanskil 61-90 dagar	Vanskil > 90 dagar	Samtals
<b>Útlán og leigusamningar</b>						
Byggingastarfsemi .....	3.037.708	188.356	333.328	50.988	114.370	3.724.749
Fasteignaviðskipti .....	1.292.551	72.497	46.652	9.529	47.786	1.469.016
Heildsala og smásala .....	1.631.532	433.744	9.065	15.087	5.054	2.094.483
Framleiðsla .....	709.783	65.272	331.867	0	0	1.106.922
Leigustarfsemi .....	2.916.531	319.597	377.114	176.766	25.586	3.815.594
Flutningar .....	976.954	101.595	7.578	9.301	68.481	1.163.909
Einstaklingar .....	17.045.255	336.200	8.118	75.500	91.937	17.557.010
Annað .....	4.092.470	207.129	18.083	12.290	18.519	4.348.491
Samtals .....	31.702.784	1.724.391	1.131.805	349.460	371.733	35.280.174

Útlán og leigusamningar	Brúttó staða	Vænt útlánatap	Bókfærð staða
Ógjaldfallið .....	31.889.518	186.734	31.702.784
Vanskil 1-30 dagar .....	1.732.580	8.189	1.724.391
Vanskil 31-60 dagar .....	1.147.877	16.072	1.131.805
Vanskil 61-90 dagar .....	356.289	6.829	349.460
Vanskil > 90 dagar .....	450.529	78.796	371.733
Samtals .....	35.576.793	296.619	35.280.174



# Skýringar

## b) Áhættuflokkun útlána

